



Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
b.t. heilbrigðis- og trygginganefndar

150 REYKJAVÍK

SA/jrp

Rvk. 16.3.2001

**Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um tóbaksvarnir,  
345. mál, markaðsetning, tóbaksmengun o.fl.**

Með vísan í bréf yðar dagsett 26. janúar 2001, þar sem óskað er umsagnar um framangreint frumvarp vill SA koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina.

Í frumvarpinu er að finna nokkur nýmæli og *íþyngjandi kröfur*, sem SA getur ekki fallist á.

1) Samkvæmt 7. gr. má enginn selja tóbak í verslunum nema hann sé orðin 18 ára að aldri.

Starfsfólk yngra en 18 ára er mikilvægur starfskraftur í verslunum og söluskálum. Í kjarasamningum SA er finna ákvæði um laun afgreiðslufólks sem er 16 og 17 ára. Það mun því valda verulegum óþægindum fyrir þessi fyrirtæki og viðskiptavinum þeirra, ef afgreiðslufólk má ekki vegna aldurs afgreiða *allar þær vörur* sem á boðstólum eru í viðkomandi verslun, eins og það hefur verið ráðið til skv. *ráðningarsamningi* sínum.

Ef frumvarpið nær fram að ganga verður annaðhvort að *hætta* að ráða unglunga undir 18 ára aldri til vinnu við afgreiðslustörf eða *sérstakur starfsmaður* verður að vera til staðar til að afgreiða tóbaksvörur. Við þetta mun launakostnaður hækka og smásöluverð til neytenda.

2) Samkvæmt 6. gr. má tóbak ekki vera sýnilegt í verslunum.

Verði þetta ákvæði að lögum er fyrirsjáanlegt að margar verslanir verða að gera verulegar breytingar á *innréttingum* með ómældum kostnaði og fyrirhöfn sem hlýtur fyrr eða síðar að lenda á viðskiptavinum. Raunar er álitamál hvort fyrirtækin geti ekki krafist bóta frá ríkissjóði vegna slíkra breytinga sem leiða kunna af frumvarpinu. Þess eru engin dæmi að verslanir séu skikkaðar með lögum til að fela ákveðnar vörur sem þær selja jafnvel þótt vörurnar séu hættulegir vímuefni, t.d. áfengi, eins og ÁTVR hefur til sölu í verslunum sínum.

3) Samkvæmt 7. gr. mun þurfa sérstakt leyfi til að selja tóbak og sveitarfélögum verður heimilt að innheimta sérstakt gjald vegna leyfisveitinga og eftirlits. SA telur slíkar leyfisveitingar


3) Samkvæmt 7. gr. mun þurfa sérstakt leyfi til að selja tóbak og sveitarfélögum verður heimilt að innheimta sérstakt gjald vegna leyfisveitinga og eftirlits. SA telur slíkar leyfisveitingar óþarfar og að engin rök séu til sérstaks *eftirlitsgjalds* til viðbótar við núverandi eftirlitsgjöld, sem þessi fyrirtæki bera. Það er krafa neytenda að þessar vörur séu til sölu í verslunum og á veitingastöðum. Engin skynsemi er í því að bæta við enn einu leyfinu sem fyrirtæki þurfa að greiða fyrir til viðbótar við öll önnur leyfis- og eftirlitsgjöld, sem á þau eru lögð.

4) Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins verða reykingar á veitingahúsum og skemmtistöðum þrengdar og skylt verður að hafa reyklus herbergi á hótelum og flokka þessa staði með tilliti til reykinga og loftræstingar. SA telur að náíð *samráð* verði að hafa við *Samtök ferðaþjónustunnar* um þær kröfur sem gerðar verða til veitinga- skemmtistaða og hótela um hertar kröfur gagnvart reykingafólki.

Í 2. mgr. 8. gr. frv. segir að meirihluti veitingarýmis skuli reyklus, en í gildandi lögum er ekki kveðið á um stærð svæðisins. Veitingastaðir hafa mismunandi möguleika til að afmarka reyklus svæði. Sumir veitingastaðir hafa *ekkert auka rými* og standa oft frammi fyrir því að búið er að panta öll borð á reyksvæði en eftirspurn eftir reyklusu svæðunum er ekki nægilegt. Það fær ekki staðist að veitingamenn verði með biðlista á reyksvæði en reyklus svæði standi auð og ónotuð. Rekstur veitingahúsa leyfir ekki að svona kröfur séu lagðar á þessa atvinnugrein. SA mótmælir því að ákveðið skuli í lögum að meirihluti veitingarýmis skuli ávallt reyklus. Sama gildir um reyklus herbergi í hótelum skv. 3. mgr. 8. gr. frv.. Á sumum stöðum kann þetta að vera mögulegt en annars staðar ekki. Fortakslaus skylda til að hafa reyklus herbergi getur verið óframkvæmanleg. Það fær heldur ekki staðist að mati SA að *skemmtistöðum* verði gert að hlíta sömu reglum um afmörkuð svæði fyrir reykingar og veitingahús. Slíkar kröfur eru einfaldlega ekki framkvæmanlegar gagnvart gestum skemmtistaðanna að mati veitingamanna.

Að öðru leyti vísar SA til umsagna *Samtaka ferðaþjónustunnar* og *Samtaka verslunar og þjónustu* um frumvarpið, sem sendar hafa verið til heilbrigðis- og trygginganefndar.

Virðingarfyllst,



Jón R. Pálsson